



Alþingi
Utanríkismálanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150Reykjavík

SA/GAS

Rvk. 10.12.2003

Pingsályktunartillaga um úttekt vegna GATS-samningsins og breytinga á honum, 16. mál.

Í tillögnum er m.a. lagt til að Alþingi álykti að ríkisstjórnin beiti sér fyrir að gerð verði úttekt á áhrifum GATS-samningsins á Íslandi, bæði miðað við núverandi stöðu og hugsanlegar afleiðingar samningsins til langs tíma. Þá er lagt til að Alþingi álykti um að fulltrúar Íslands beiti sér fyrir opnun samningaviðræðna og farvegs deilumála fyrir almenningi, að skýrt verði tekið fram að ákvæði GATS-samningsins nái ekki til þjónustu á vegum hins opinbera, að kröfur um lágmarksréttindi verkafólks eins og þær hafa verið settar fram á vettvangi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar verði felldar inn í GATS-samninginn o.fl.

Í sjálfu sér mælir ekkert gegn því að gerð sé slík úttekt á áhrifum GATS-samningsins á Íslandi, nema það að þar sem óljóst er um lok og niðurstöðu samningaviðræðna yrði á þessum tímapunkti erfitt að skilgreina verkefnið.

Hvað varðar aukna aðkomu verkalýðsfélaga og annarra hagsmuna þá er gegnsæi vissulega mikilvægt og rétt að fulltrúar Íslands reyni að standa vörð um það. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að Samtök atvinnulífsins hafa séð sérstaka ástæðu til að hrósa utanríkisráðuneytinu fyrir fagleg vinnubrögð við undirbúning nýafstaðins ráðherrafundar WTO og gott samstarf ráðuneytisins við hagsmunaaðila.

Þá hafa Samtök atvinnulífsins lýst ánægju sinni með að íslensk stjórnvöld skuli hafa tekið ákveðið frumkvæði hvað varðar aukið frelsi í þjónustuviðskiptum. Aukið vægi einkarekstrar og breytt rekstrarform eru af hinu góða og auka skilvirkni við veitingu opinberrar þjónustu. Þróun í þá átt er óhjákvæmileg til að halda aftur af útgjaldabenslu. Samtökin geta því með engu móti tekið undir umræddar greinar tillögunnar.

Loks gera Samtök atvinnulífsins alvarlega athugasemd við síðastnefndu tillöguna, um Alþjóðavinnuálastofnunina og réttindi sem þar hafa verið sett fram. GATS-samningurinn er samningur um frelsi í viðskiptum. Ekki ber að blanda málefnum



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

vinnumarkaðarins og félagslegum áherslum í viðræður um aukið frelsi í viðskiptum, heldur ber að halda þeim á þeim vettvangi sem þegar hefur verið skapaður í þeim efnum, svo sem nefndri Alþjóðavinnumálastofnun.

Samtök atvinnulífsins mæla því gegn samþykkt tillögunnar.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs

